


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>VEF 303</b>	<b>Kennsluáætlun Haust 2011</b>

<b>Nafn kennara:</b>	<b>Ragnheiður Þórsdóttir</b>	<b>Sk.stöfun:</b>	<b>RPÓ</b>
----------------------	------------------------------	-------------------	------------

**Undanfarar:** VEF103, VEF203, BFR101 og HTL103

### Áfangalýsing:

Í VEF 303 vefa nemendur nytjahluthluti og setja upp í vefstól með aðstoð kennara. Áhersla er lögð á að nemendur vinni með og þekki mismunandi vefnaðartegundir á 6 – 10 sköft s.s. daladregil, ormeldúk, ýmsar tegundir vaðmáls eða samsettar bindingar. Nemendur byrja að tileinka sér gildi uppistöðu og ívafs í mismunandi vefnaðaraðferðum. Nemendur temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

### Áfangamarkmið:


- að nemendur haldi áfram að tileinka sér útreikninga í vefnaði og læra að þekkja og lesa úr mismunandi vefnaðartegundum og munstrum og nota þær/þau í verkum sínum.
- að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð í verkefnavali og noti sem mest eigin hugmyndir í verkum sínum og noti bindifræðina til að útfæra þær.
- að nemendur geri sér grein fyrir mismunandi eiginleikum vefjarefna og fjölbreyttu notagildi þeirra.
- að nemendur noti áfram tölvuforritið Weave point í munsturgerð/hönnun, hugmyndavinnu og mögulegum tækniútfærslum fyrir vefstól.

### Hugmyndir um verkefni:

Unnið með vefnað sem krefst 6-10 skafta vefstóls með gagnbindingu. Jafnþráðavefnaður s.s. salún, daladregill, vöfluvefnaður eða aðrar vefnaðartegundir sem krefjast ákveðinnar tæknikunnáttu. Skila skal möppu með vinnuteikningum, skissum, prufum og útreikningum á uppsettri voð.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Prufur og uppskriftir	Prufumappa með uppskriftum	20 %
Ofið stykki	Vefnaður og frágangur	70 %
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð	10 %

Vika	Námsefni
2 - 5	Áfanginn kynntur og nemendur ákveða verkefni í samráði við kennara. Útreikningar á slöngu og byrjað að rekja í uppistöðu.
6. – 10.	Uppsetning í vefstól, sköft og skammel bundin upp og byrjað að vefa.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	<b>VEF 303</b>	
Síða 2 af 2	<b>Kennsluáætlun Haust 2011</b>	

11.–16.	Voðin ofin. Frágangur og möppuvinna
---------	-------------------------------------

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU, ef að fellur niður tími af einhverjum ástæðum þá riðlast INNU vikurnar sem því nemur.

Tegund	Námsgögn
Bækur	Fagbækur í vefnaði, myndlist og textíl. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur og Weavepoint forritið fyrir vefnað
Tímarit	Vefnaðartímarit

### Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 9 stig eða 9 kennslustundir. Ef að fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

### Innkaup:

Nemendur halda áfram með að setja hugmyndir, skissur, uppskriftir og prufur í möppu úr 103 og 203 VEF. Einnig er gott að vera með reiknivél og skriffæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir. Efnisgjöld áfangans eru dregin frá þeirri upphæð.

**Mjög mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt í tímum og á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.**

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar.

Ragnheiður Þórsdóttir

Netfang: ragga@vma.is

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils